Til: Stjórnar SORPU bs.
Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.
Efni: Erindisbréf starfshóps um framtíðarskipan endurvinnslustöðva

15. október 2026

Erindisbréf starfshóps um framtíðarskipan endurvinnslustöðva

Á 533. fundi stjórnar SORPU bs. þann 16. september 2026 ákvað stjórn að stofna starfshóp til að vinna áfram niðurstöður *skýrslunnar ENDURVINNSLUSTÖÐVAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU - FRAMTÍÐARSKIPULAG Skýrsla starfshóps á vegum Sorpu bs*, sem skilað var árið 2024 og kynnt nýrri stjórn SORPU á fundinum.

Í fundargerð fundarins segir um skipan hópsins:

> *„Stjórn felur framkvæmdastjóra að stofna starfshóp til að vinna á grundvelli niðurstöðu skýrslunnar. Hópurinn skal samanstandi af starfsmönnum SORPU, fulltrúum stjórnar SORPU, starfsmönnum sveitarfélaganna sem standa að SORPU og kjörnum fulltrúum öðrum en þeim sem sitja í stjórn SORPU ef þurfa þykir.*
>
> *Starfshópurinn á að skila stjórn greiningu á sviðsmyndunum sem lagðar eru til í skýrslunni, ásamt áætlun um hvernig megi vinna að þeirri sviðsmynd sem best kemur út á næstu árum, á reglulegum fundi stjórnar í febrúar 2027.“*

Hópurinn skal gefa tæknimönnum sveitarfélaganna sem standa að SORPU tækifæri á að rýna tillögur sínar áður en þær verða kynntar stjórn SORPU.

Hópurinn skal skipaður eftirfarandi fulltrúum:

Úr stjórn SORPU:

- Hrannar Bragi Eyjólfsson, formaður stjórnar SORPU, Garðabæ, formaður hópsins
- Sigrún Ásta Einarsdóttir, varaformaður stjórnar SORPU, Reykjavík
- Hjördís Ýr Johnson, stjórnarmaður í stjórn SORPU, Kópavogi

Starfsmenn sveitarfélaga:

- Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða, Reykjavík
- Karen Jónasdóttir, verkefnastjóri umhverfismála, Kópavogi
- Egill Daði Gíslason, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda, Garðabæ

Starfsmenn SORPU:

- Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs SORPU
- Hermann Sigurðsson, deildarstjóri þjónustustöðva SORPU

Starfsmenn hópsins verða Ísól Fanney Ómarsdóttir, verkefnastjóri hjá SORPU, og Bryndís Skúladóttir, ráðgjafi hjá VSÓ.

Hópurinn getur jafnframt leitað til starfsmanna SORPU og sveitarfélaganna eftir þörfum.

Lagt fram á fundir stjórnar SORPU bs. 21. október 2026.

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.